

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 18. febrúar 2025
UOS2501303/A.P.
10.05.00

Efni: Umhverfismat framkvæmda - Matsáætlun - Aurora fiskeldi ehf. í Hvalfirði

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 20. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar um ofangreinda matsáætlun.

Stofnunin bendir á að forverar Umhverfis- og orkustofnunar veittu umsögn um framkvæmdina þegar hún var tilkynnt til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu þann 9. ágúst¹ og 21. ágúst 2024.² Stofnunin bendir þó á að framkvæmdin er nú mun umfangsmeiri en gert var ráð fyrir í upphafi.

Framkvæmdarlýsing

Aurora fiskeldi ehf. (hér eftir nefnt rekstraraðili) áformar að byggja landeldisstöð fyrir lax á Grundartanga í Hvalfjarðarsveit. Fyrirhuguð framleiðsla er um 28.000 tonn á ári, með 14.000 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma, en stöðin verður staðsett á lóð nr. 34 á Grundartanga. Rekstraraðili gerir ráð fyrir að stöðin verði byggð upp í þremur áföngum. Fyrirhugað er að full framleiðsla náist árið 2028.

Vatnstaka og áhrif á strandsjó

Fram kemur að meðalferskvatnspörf verði 7,2 l/s en að hámarki 14 l/s við hefðbundinn rekstur og að hámarki 20-30 l/s vegna bólusetninga, flokkunar og flutnings seiða milli eininga. Þá verður notuð svokölluð RAS tækni við ferskvatnsframleiðsluna og gert ráð fyrir 99% endurnýtingu ferskvatns.

Umhverfis- og orkustofnun hefur áður í umsögnum um áform um iðnaðaruppbyggingu á svæðinu vísað til þess að lengi hafi gætt vandkvæða við öflun vatns til þeirrar starfsemi sem fyrir er á Grundartanga. Í matsáætluninni kemur fram að ef vatnsveita á svæðinu annar ekki vatnspörf verður vatn framleitt úr sjó með tiltekinni síunaraðferð. Umhverfis- og orkustofnun telur að í umhverfismatsskýrslu þurfi að fjalla skýrar um öflun vatns og framleiðslu ferskvatns úr sjó.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að nýting auðlinda úr jörðu, m.a. grunnvatns, er háð leyfi stofnunarinnar sbr. 6. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum úr jörðu, hvort sem það er til nýtingar auðlinda í eignarlöndum eða í þjóðlendum með þeim undantekningum sem greinir í lögnum. Samkvæmt lögnum felur nýtingarleyfi í sér

¹ [Umsögn Umhverfisstofnunar](#)

² [Umsögn Orkustofnunar](#)

heimild til handa leyfishafa til að vinna úr og nýta viðkomandi auðlind á leyfistímanum í því magni og með þeim skilmálum öðrum sem tilgreindir eru í lögnum og Umhverfis- og orkustofnun telur nauðsynlega.

Gert er ráð fyrir að sjótaka verði um 27.000 l/s (með 75% endurnýtingu sjóvatns) en inntakslagnir í sjó verða annars vegar á 10 metra dýpi og 150-200 metra frá landi og hins vegar á 30-50 metra dýpi og 300-500 metra frá landi. Lagnirnar verða sex talsins og um 1.600 mm í þvermál. Þrjár verða lagðar á 15 metra dýpi og þrjár á 40 metra dýpi. Síubúnaður verður á inntakslögnum til að sía frá grófa aðskotahluti og sporna gegn því að t.d. fuglar, fiskar og selir komist í lagnirnar. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að lagning sæstrengja og neðansjárleiðslna er háð samþykki stofnunarinnar skv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Hafa ber í huga að gera þarf ráð fyrir lögnum í uppfærðu skipulagi.

Í kafla 5.1.1 kemur fram að unnið verði mat á þeim áhrifum sem losun frá eldissvæði félagsins geti haft á líffræðilega, efna- og eðlisefnafræðilega gæðapætti strandsjávarhlotsins *Hvalfjarðar* (nr. 104-1330-C) sbr. vatnaáætlun og lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Umhverfis- og orkustofnun telur afar jákvætt að mat á áhrifum á vatnshlotið sé framkvæmt á þessu stigi, þ.e. sem hluti af umhverfismatsferlinu. Stofnunin bendir á að gefnar hafa verið út leiðbeiningarnar [Mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot](#) sem finna má á heimasíðu stofnunarinnar. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að í mati á áhrifum framkvæmdarinnar á strandsjávarhlotið þarf, auk áhrifa frá losun, að gera grein fyrir áhrifum vegna sjótökunnar. Einnig þarf að gera grein fyrir áhrifum ferskvatnstöku á grunnvatnshlotið *Melbakka-Leirá* (nr. 104-193-G).

Í starfsleyfi verður gerð krafa um vöktun á áhrifum starfseminnar á vatnshlotin og/eða þátttöku í sameiginlegri vöktun með öðrum fyrirtækjum á iðnaðarsvæðinu. Vöktunin skal vera í samræmi við lög um stjórn vatnamála og útgefnar leiðbeiningar Hafrannsóknastofnunar.

Úrgangur

Í matsáætlun kemur fram að nokkuð mikið af fiskimykju muni koma frá fiskeldinu en hana megi nota sem áburð m.a. til að rækta upp land og binda kolefni. Gert er ráð fyrir að 70-90% fastefnis (fiskimykju) verði hreinsað með tromlusíum úr frárennsli sem gera um 24 tonn á dag.

Fram kemur að lífrænn úrgangur verði meðhöndlaður í samræmi við forgangsöröðun við meðhöndlun úrgangs sbr. 57. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Umhverfis- og orkustofnun telur afar mikilvægt að hugað sé að því hvað gert verði við úrganginn sem kemur frá eldinu. Mikilvægt er að fastefni sem hreinsað er úr frárennsli sé endurnýtt eins og kostur er. Í starfsleyfum stofnunarinnar fyrir landeldisfyrirtæki er krafa um að fyrirtækin hafi áætlun um meðhöndlun úrgangs sem inniheldur tímasett skref þar sem endurnýting kemur í stað förgunar. Umhverfis- og orkustofnun telur mikinn ávinning vera falinn í því að lágmarka úrgang og endurnýta fastefni en það er í samræmi við stefnu stjórnvalda í úrgangsmálum, [Í átt að hringrásarhagkerfi](#), þar sem eitt meginmarkmiðið er að

hætta urðun lífbrjótanlegs úrgangs. Stofnunin bendir jafnframt á að fiskimykja er næringarrík og inniheldur m.a. fosfór, nitur og kolefni sem nýta má á ýmsan máta.

Raforka

Fram kemur að áætluð heildaraflþörf sé 8.400 kW. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að þó að nokkrar raflínur liggi til fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis er ekki tilgreint í matsáætlun hvort nægileg flutningsgeta sé fyrir þessa viðbót við þá starfsemi sem nú þegar er á svæðinu eða hvort þörf sé á styrkingu flutningskerfis og/eða dreifikerfis vegna þessa. Mikilvægt er að þessar upplýsingar komi fram í umhverfismatskýrslu.

Starfsleyfi

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að fiskeldi er starfsleyfisskylt hjá stofnuninni og fellur undir 2. tl. viðauka II laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Til starfrækslu fiskeldisstöðva þarf einnig rekstrarleyfi Matvælastofnunar. Rekstraraðili sækir um bæði starfsleyfi og rekstrarleyfi til Matvælastofnunar sem framsendir umsóknina á Umhverfis- og orkustofnun skv. 4. gr. b. laga nr. 71/2008 um fiskeldi. Umhverfis- og orkustofnun tekur fram að málshraðaviðmið fyrir vinnslu og útgáfu starfsleyfis er 240 dagar frá því að fullnægjandi umsókn hefur verið samþykkt.

Virðingarfyllt,

Agnes Þorkelsdóttir

sérfræðingur

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

sérfræðingur